

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	7.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	7102695569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Guðgeir Einarsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	741265,622 507688,102

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit þann 7. september var allur frágangur og umgengni á urðunarstað í Mýrdal til fyrirmyndar. Eitt frávík fannst vegna krafna um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma. Staðan á þessu frávíki er óbreytt frá 2015. Gasi er ekki safnað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Farið var í eftirlitsferð 7. september 2016.

Allt urðunarsvæðið, bæði í Auratúni og Mýrdal skoðað. Elsti hluti urðunarsvæðisins er nú sléttur, uppgróinn grasbali. Gasi er ekki safnað. Umgengni á urðunarstað til fyrirmyndar, skipulega er urðað í urðunarreinum, tvöfalt net strengt er strengt yfir reinarnar þar til mokað er yfir þær. Ekki sjást merki um fok. Hluti eftirlits felst í sýnatöku úr sýnatökubrunni, skv. samkomulagi starfsleyfishafa um að HAUST annist sýnatöku af fráveituvatni frá urðunarstaðnum í Mýrdal, þar sem almennt sorp er urðað og voru sýni tekin í eftirlitsferðinni að höfðu samráði við Umhverfisstofnun um hvað bæri að rannsaka. Sýnin voru tekin úr sérstökum sýnatökubrunni sem er á frárennsli frá urðunarstaðnum.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Frávík frá þriðja lið, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, um botnþéttingar og jarðfræðilegan tálma á urðunarstöðum.	Kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar í samræmi við ákvæði í viðauka I reglugerðar nr. 738/2003. Frá upphafi hefur botnþétting verið skv. ákvæðum reglugerðarinnar en ekki eru hliðarþéttingar. Óbreytt frá árinu 2015. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar sem er í vinnslu en beðið er ítarlegri upplýsinga frá sveitarfélaginu.

ANNAÐ

Dálftil ummerki voru um vargfugl á svæðinu.

Starfsleyfi urðunarstaðarins var gefið út 27. febrúar 2008 og gildir til 1.7. 2018.

19.12.2016

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Sigríður Kristjánsdóttir